



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á ráðstefnunni
„Látum hjólin snúast“
Reykjavík
11. maí 2006**

Ágætu ráðstefnugestir

Það er fagnaðarefni að Lýðheilsustöð, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Landssamtök hjólreiðamanna og Umhverfissvið Reykjavíkurborgar skuli hafa tekið höndum saman og efnt til umræðna um mikilvægi heilbrigðra samgangna, einkum hjólreiða, fyrir samfélagið og einstaklinga, umhverfisvernd og efnahagslífið, þá framtíð sem færir fjölskyldum og almenningi tækifæri til að lifa betra, heilsusamlegra og fjölbreyttara lífi.

Flestir Íslendingar eiga kærar minningar frá bernskudögum, þekkja gleði og stolt sem fyllti ungar sálir þegar fyrst tókst að sitja hjólið, halda jafnvæginu, stefna áfram án stuðnings frá systkinum, foreldrum, vinum eða hjálpardekkjum.

Reiðhjólið var okkur eins konar sjálfsstæðistákn, sönnun þess að þroska var náð, að tími frelsis fór í hönd, að ánægjustundum ætti eftir að fjölga; iðulega sú afmælisgjöf sem mestu skipti löngu áður en kom að fermingunni.

Það væri fróðlegt að vita hve hátt hlutfall þjóðarinnar á sameiginlega þessa reynslu og kannski spyrja um leið hvenær og hvers vegna hjólið hætti að vera ríkur þáttur í daglegum venjum.

Sjálfsagt eru margir í sömu sporum og við í fjölskyldunni að hafa lagt hjólunum út í geymslu, gert hlé, stundum svo árum skiptir, en taka svo þráðinn upp á ný og fyllast þá aftur ánægju og gleði, spyrja sjálfan sig með nokkrum blæ ásökunar hví við héldum ekki áfram að hjóla, af hverju ekki var gert við sprungið dekk eða séð um að olía væri borin á legur og keðju.

Þannig var það í áraraðir á meðan við bjuggum á Seltjarnarnesi og best að játa strax á sig þá synd að þótt gömlu hjólin væru tekin með til Bessastaða hafa þau að mestu verið inni í skúr ef nota má svo óvirðulegt orð um húsakynni á Bessastöðum.

Þegar hjólreiðatarnir voru teknar héldum við vítt og breitt um Seltjarnarnesið, um Vesturbæinn, KR-svæðið, Melana og upp í Hlíðar, að höfninni, að vísu oftast þeirri gömlu, út í Örfirisey, og stundum, ef vel lá á okkur og vindurinn var ekki sterkur, inn með Sundum, alla leið í Kópavog og svo aftur til baka, Hringbrautina og út á Nes. Þá var ekki sú greiða leið sem nú er um stíginn góða sem lagður hefur verið vestan úr bæ og alla leið í Elliðaárdalinn. Ávinningurinn var ekki aðeins léttari lund, svitinn sem bar vott um hve hreyfingin hafði verið holl, heldur líka að við sáum borgina í nýju ljósi, göturnar, hverfin, húsin, bæði ný og gömul, skynjuðum mannlífið á annan hátt, karakterinn sem bjó í sumum borgarhlutum, sáum borg sem aldrei birtist þegar ekið var í einkabílum, skynjuðum þætti sem gefa byggðinni sál, glæða götur og hverfi sérstökum anda, færa okkur samkennd með öllum hinum sem eru að skapa lifandi borg.

Kannski er það ekki svo fráleit hugmynd að skylda alla sem koma að skipulagsmálum, bæði þau sem kjörin eru í sveitastjórnir og sérfræðinga sem í stofnunum starfa, arkitekta, verkfræðinga og aðra slíka, alla sem á einhvern hátt hafa vald til að ákveða skipan bæja og borgar í framtíðinni, skylda þau til að taka við og við hjólreiðatarnir í nokkra daga, líkt og flugmenn verða að halda sér við með æfingatímum og stundafjölda í hermitækjum.

Ég er viss um að umræðan um skipulagsmálin myndi breytast og samstaða nást um að ætla hjólreiðum stærri hlut, gera fólki kleift að stunda vinnu, komast til og frá heimilinu, fara víða í erindagjörðum með hjólhestinn sem farartæki, að ekki sé minnst á samverustundir fjölskyldunnar sem nyti þess að fara hjólandi saman í skemmtiför.

Þótt ég ætli ekki að blanda mér í kosningarnar á nýrri borgarstjórn þá væri fróðlegt að fá að heyra hvernig hin margrædda Sundabraut á að henta hjólreiðamönnum, hvort sem hún verður einbreið, tvíbreið, margbreið eða hvar sem hún á nú annars að liggja – og spyrja kannski um leið hvort á sínum tíma hafi verið reiknað með að hjólreiðarfólk færi margt um Hvalfjarðargöngin.

Við þurfum að öðlast nýja sýn á mannvirkin sem bera uppi umferðina og gæta betur að kostunum sem fylgja auknum áherslum á hjólreiðarnar, kostum sem eru af mörgu tagi og snerta bæði einstaklinga og þjóðarheill – jafnvel hagsmunum mannkyns alls þegar haft er í huga hvernig mengunin frá ökutækjum, útblásturinn frá sívaxandi bílafjölda í

öllum álfum, skapar stórfelldar hættur fyrir lífríki jarðar og mun reynast mannkyni ærið dýr ef ekki verður komið í veg fyrir frekari loftslagsbreytingar af mannavöldum.

Hjólreiðar hinsvegar bæta heilsu og draga úr líkum á sjúkdómum af ýmsu tagi, styrkja ónæmiskerfið og minnka streitu. Slíkir eiginleikar eru ekki aðeins til heilla fyrir okkur sjálf heldur draga þeir einnig til muna úr kostnaði við heilbrigðiskerfið; sparnaðurinn fyrir þjóðarbúið í milljörðum talinn. Það væri óskandi að hagspekingar væru meira vakandi gagnvart þessum eiginleikum hjólreiðanna, einkum nú þegar efnahagsmálin eru í brennidepli og ríkissjóður þarf á nýjum vinum að halda.

Við þurfum að leita nýrra leiða til að auka skilning á mikilvægi hjólreiðanna, á kostunum sem þeim fylgja, bæði fyrir einstaklinga og atvinnulífið, fjölskyldur og þjóðarbú.

Við sjáum þó ýmis merki þess að leiðtogar annarra þjóða hafa gerst boðberar hjólreiðanna, kostanna og ánægjunnar sem þær veita.

Nýr leiðtogi breska Íhaldsflokksins hefur gert reiðhjólið að tákni breyttrar stefnu, fer hjólandi um Lundúnaborg með hjálm á höfði og fjölmiðlahjörðin fylgir mäsandi á eftir. Boðskapurinn er í senn betri borg, bætt heilsa og umhverfisvernd, lífsstíll sem hæfir nýjum tímum.

Forseti Bandaríkjanna hefur líka sést æ oftast á hjóli, bregður sér í hjólreiðatúr bæði í nágrenni Hvíta hússins og á búgarðinum heima í Texas; en snúnara er fyrir hann að vera hjólandi á almannafæri.

Hin kjörna sveit á landi hér er að vísu ekki komin í þennan hjólreiðaflokk með David Cameron og George Bush og gildir það bæði um bóndann á Bessastöðum, þá sem sækja fundi í ríkisstjórn og reyndar fleiri, flokksleiðtoga, alþingismenn og frambjóðendur – en kannski stendur það til bóta.

Við Dorrit höfum oft rætt um að endurnýja hjólreiðakostinn á Bessastöðum og hver veit nema ég gefi henni reiðhjól eftir nokkra daga þegar við höldum upp á brúðkaupsdaginn ef þið lofið að láta hana ekki vita– kaupi svo annað handa sjálfum mér og við förum að hjóla um Álftanesið, út í Hafnarfjörð, í Garðabæ og kannski lengra.

Fordæmið skiptir miklu máli í þessum efnum og við þurfum öll að hafa áhrif á tíðarandann, koma kostum hjólreiðanna skýrt á dagskrá svo að þjóðin meti þær á nýjan hátt.